



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Drög að samningi skóla- og frístundasviðs við SAMLEIK-R

Á 141. fundi skóla- og frístundaráðs voru lögð fram drög að samningi skóla- og frístundasviðs og SAMLEIK-R ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. júní 2018, um endurnýjun styrktar- og samstarfssamnings SAMLEIK-R og skóla- og frístundasviðs, samningur skóla- og frístundasviðs og Félags foreldra leikskólabarna í Reykjavík, dags. 10. maí 2017 og tölvubréf SAMLEIK-R, dags. 4. desember 2017, þar sem óskað er eftir samningi.

Drög að samningi voru samþykkt og vísað til borgarráðs.

Framangreindu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Drög að samningi skóla- og frístundasviðs og SAMLEIK-R

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. júní 2018

Samningur skóla- og frístundasviðs og Félags foreldra leikskólabarna í Reykjavík, dags. 10. maí 2017

Tölvubréf SAMLEIK-R, dags. 4. desember 2017

Reykjavík, 20. júní 2018
SFS2015060051
141. fundur
HG/ehp/en

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Endurnýjun styrktar- og samstarfssamnings SAMLEIK-R og skóla- og frístundasviðs

Lagt er fyrir skóla- og frístundaráð að taka ákvörðun um gerð styrktar- og samstarfssamnings skóla- og frístundasviðs við SAMLEIK-R, félag foreldra leikskólabarna í Reykjavík. Ákvörðun skóla- og frístundaráðs um styrkveitingu verður vísað til afgreiðslu borgarráðs.

Markmið samningsins er að styrkja starf leikskóla í Reykjavík á jákvæðan hátt með öflugum og góðu samstarfi foreldra og leikskóla. Mikilvægt er að foreldrar séu í góðu samstarfi við leikskólana, séu virkir þátttakendur í námi barna sinna og eigi þess kost að eiga hlutdeild í mótun leikskólastarfsins.

Samkvæmt drögum að nýjum samningi gildir samningurinn frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018 og er gert ráð fyrir styrk til SAMLEIK-R, alls að fjárhæð kr. 2.000.000. Áður en síðari greiðsla skv. samningnum er innt af hendi skal SAMLEIK-R kynna skóla- og frístundasviði stöðu verkefna í starfsáætlun sinni og framvísa reikningum og skýrslu um helstu verkefni félagsins á grundvelli 4. gr. samningsins.

SAMLEIK-R og skóla- og frístundasvið, gerðu með sér styrktar- og samstarfssamning þann 10. maí 2017, að fjárhæð kr. 2.000.000. Samningurinn rann út þann 31. desember 2017. SAMLEIK-R hefur skilað skýrslu til skóla- og frístundasviðs, dags. 15. desember 2017, þar sem fram kemur hvernig styrkur skóla- og frístundasviðs til samtakanna árið 2017 var nýttur. SAMLEIK hefur nú óskað eftir því að nýr samningur verði gerður.

SAMLEIK-R var stofnað í desember 2013. Félagið hefur átt áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði síðan í byrjun árs 2014 og fulltrúa í hinum ýmsu samstarfshópum, svo sem um hvort taka eigi börn inn tvisvar á ári í grunnskóla, árlegar viðurkenningar skóla- og frístundaráðs, starfshópi um skjátíma, starfshópi um samráð við foreldra, starfshópi um auglýsingar í skólaumhverfi, starfshópi um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara, starfshópi um menntastefnu og starfshópi um dagforeldra.

Félagið hefur einnig sent umsagnir um ýmis mál, bæði til Reykjavíkurborgar og við lagafrumvörp Alþingis og gætir þannig hagsmuna leikskólabarna og foreldra þeirra. Félagið er samstarfsaðili skóla- og frístundasviðs og er fulltrúi foreldra leikskólabarna í Reykjavík sem áheyrnarfulltrúi í skóla- og frístundaráði. Markmiðið með SAMLEIK-R er að vera hagsmunagæsluaðili fyrir foreldra leikskólabarna í Reykjavík og að styðja við foreldraráð leikskólanna sem og allt leikskólastarf.

Upphæð samningsins rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Félag foreldra leikskólabarna í Reykjavík, kt. 670114-1550, í samningnum nefnt SAMLEIK-R, gera með sér svohljóðandi

SAMNING

1. gr.

Markmið

Markmið samnings þessa er að styrkja starf leikskóla í Reykjavík á jákvæðan hátt með öflugu og góðu samstarfi foreldra og leikskóla. Mikilvægt er að foreldrar séu í góðu samstarfi við leikskólana, séu virkir þátttakendur í námi barna sinna og eigi þess kost að eiga hlutdeild í mótun leikskólastarfsins.

2. gr.

Samstarf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar lítur á SAMLEIK-R sem samstarfsaðila og fulltrúa stjórna foreldrafélaga og fulltrúa foreldra í foreldraráðum í leikskólum í Reykjavík. Félagið starfar í samræmi við ákvæði 1. gr. samnings þessa.

SAMLEIK-R skal leggja fram starfsáætlun félagsins fyrir 1. ágúst 2018 þar sem fram koma stefnumarkandi verkefni á árinu. Í lok samningstíma, eigi síðar en 15. desember 2018, skal félagið skila skóla- og frístundasviði ársskýrslu fyrir liðið ár.

3. gr.

Styrkur skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar styrkir SAMLEIK-R um samtals kr. 2.000.000,-. Að öllum skilyrðum samningsins uppfylltum skal greiðsla styrks fara fram með eftirfarandi hætti:

Þann 1. ágúst 2018 kr. 1.000.000,-

Þann 15. desember 2018 kr. 1.000.000,-

Greitt er inn á bankareikning SAMLEIK-R, reikningsnúmer 526-14-403514.

4. gr.

Verkefni SAMLEIK-R á grundvelli styrks

Styrkur skv. samningi þessum skal notaður til eftirfarandi verkefna:

1. Veita upplýsingar og fræðslu öllum þeim foreldrum leikskólabarna í Reykjavík sem óska leiðbeiningar og ráðgjafar.

2. Annast fræðslu og upplýsingagjöf til foreldra leikskólabarna í því skyni að auka hlutdeild þeirra í uppeldi og menntun barna sinna í leikskólum.
3. Veita foreldrafélögum ráðgjöf og stuðning, með það að markmiði að styrkja samstarf foreldra og leikskóla.
4. Taka þátt í stefnumótun Reykjavíkurborgar að því er varðar leikskólamál þegar þess er óskað og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við yfirvöld.
5. Að efla og styðja starf foreldra og foreldraráða leikskóla, koma á tengslum innan skólahverfa. Einnig að skapa foreldrum samstarfsvettvang þar sem miðlað er reynslu og þekkingu.
6. Taka þátt í einstökum verkefnum á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Áður en síðari greiðsla skv. 3. gr. samnings þessa er innt af hendi skal SAMLEIK-R kynna skóla- og frístundasviði stöðu verkefna í starfsáætlun sinni og framvísa reikningum og skýrslu um helstu verkefni félagsins á grundvelli 4. gr. samningsins.

5. gr.

Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðarmót.

6. gr.

Reglur, vanefndir, varnarþing o.fl

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, sjá viðauka I við samning þennan og skal geta þess í kynningarefni SAMLEIK-R að félagið njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki skulu þeir, sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, skila kyngreindum gögnum um þá, sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik>.

Skv. mannréttindastefnu borgarinnar eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunun og að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hefur ofgreitt styrkfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka styrkfjárhæð til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Verði um varnefndir að ræða á skyldum annars hvors samningsaðila skv. samningi þessum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, þ.m.t. afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu, án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, XX. júní 2018

F.h. skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar

F.h. félags foreldra leikskólabarna í
Reykjavík

Viðauki I
Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Félag foreldra leikskólabarna í Reykjavík, kt. 670114-1550, í samningnum nefnt FFLR, gera með sér svohljóðandi

SAMNING

1. gr.

Markmið

Markmið samnings þessa er að styrkja starf leikskóla í Reykjavík á jákvæðan hátt með öflugum og góðu samstarfi foreldra og leikskóla. Mikilvægt er að foreldrar séu í góðu samstarfi við leikskólana, séu virkir þátttakendur í námi barna sinna og eigi þess kost að eiga hlutdeild í mótun leikskólastarfsins.

2. gr.

Samstarf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar lítur á FFLR sem samstarfsaðila SFS og fulltrúa stjórnar foreldrafélaga og fulltrúa foreldra í foreldraráðum í leikskólum í Reykjavík. Félagið starfar í samræmi við ákvæði 1. gr. samnings þessa.

FFLR skal leggja fram starfsáætlun félagsins fyrir 1. júní 2017 þar sem fram koma stefnumarkandi verkefni á árinu. Í lok samningstíma, eigi síðar en 15. desember 2017, skal félagið skila ársskýrslu fyrir liðið ár.

3. gr.

Styrkur skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar styrkir FFLR um samtals kr. 2.000.000,-. Að öllum skilyrðum samningsins uppfylltum skal greiðsla styrks fara fram með eftirfarandi hætti:

Þann 15. maí 2017 kr. 1.000.000,-

Þann 15. desember 2017 kr. 1.000.000

Greitt er inn á bankareikning FFLR, reikningsnúmer 526-14-403514

4. gr.

Verkefni FFLR á grundvelli styrks

Styrkur skv. samningi þessum skal notaður til eftirfarandi verkefna:

1. Veita upplýsingar og fræðslu öllum þeim foreldrum leikskólabarna í Reykjavík sem óska leiðbeiningar og ráðgjafar.
2. Annast fræðslu og upplýsingagjöf til foreldra leikskólabarna í því skyni að auka hlutdeild þeirra í uppeldi og menntun barna sinna í leikskólum.
3. Veita foreldrafélögum ráðgjöf og stuðning, með það að markmiði að styrkja samstarf foreldra og leikskóla.
4. Taka þátt í stefnumótun Reykjavíkurborgar að því er varðar leikskólamál þegar þess er óskað og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við yfirvöld.
5. Að efla og styðja starf foreldra og foreldraráða leikskóla, koma á tengslum innan skólahverfa. Einnig að skapa foreldrum samstarfsvettvang þar sem miðlað er reynslu og þekkingu.
6. Taka þátt í einstökum verkefnum á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Áður en síðari greiðsla skv. samningi þessum er innt af hendi skal FFLR kynna skóla- og frístundasviði stöðu verkefna í starfsáætlun sinni og framvísa reikningum og skýrslu um helstu verkefni félagsins á grundvelli 4. gr. samningsins.

5. gr.

Gildistími

Um er að ræða tilraunaverkefni á árinu 2017. Samningurinn gildir frá 1. maí 2017 til 31. desember 2017 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

6. gr.

Uppsögn, vanefndir, varnarþing o.fl

Samningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðamót.

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningnum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.


Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki og skal geta þess í kynningarefni FFLR að félagið njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Skv. mannréttindastefnu borgarinnar eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunun og að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.


Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, 10. maí 2017



F.h. skóla- og frístundasviðs



Reykjavíkurborgar



F.h. félags foreldra leikskólabarna í

Reykjavík

Vottar að réttri undirritun og dags.:



From: SAMLEIK-R [mailto:leikskolabornin@gmail.com]
Sent: 4. desember 2017 22:46
To: Ingibjörg M Gunnlaugsdóttir
Afrit: Þórhildur Löve; Rákel Rán Sigurbjörnsdóttir; Helgi Thor Gudmundsson
Subject: samningur við foreldra leikskólabarna að renna út

Sæl Ingibjörg.

Samningur sem við gerðum í vor rennur út um áramót. Það er því tími að endurskoða, laga og breyta.

Við teljum okkur hafa staðið við okkar hluta.

F.h. sambands foreldra leikskólabarna í Reykjavík, SAMLEIK-R

Kristín Ólafsdóttir, formaður